

Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. mars 2023  
Málsnúmer: 202302-0054  
LA

## Efni: Umsögn vegna rannsóknarleyfis á hafsbotni við Landeyjarhöfn

Vísað er í bréf frá Orkustofnun, dags. 24. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um umsókn um rannsóknarleyfi með fjölgeisla- og setþykktarmælingum á hafsbotni á afmörkuðu svæði til austur og vesturs frá Landeyjarhöfn.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn og gerir ekki athugasemdir við rannsóknarleyfi á hafsbotni við Landeyjarhöfn þar sem rannsóknirnar fela ekki í sér rask á náttúruminum.

Stofnunin vill hins vegar koma því á framfæri að allar hafsbotnsrannsóknir við Ísland eru mikilvægar þar sem upplýsingar um lífríki og jarðminjar á hafsbotni skortir á mörgum svæðum. Ófullnægjandi upplýsingar um náttúruminjar á hafsbotni gerir umsagnaraðilum, eins og Náttúrufræðistofnun, erfitt að meta heildstætt gildi náttúruminja. Því væri æskilegt að þau gögn sem til verða við slík rannsóknaleyfi séu gerð aðgengileg öðrum til frekari rannsókna.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

*Lovísa Ásbjörnsdóttir*

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur á sviði Náttúruverndar

